

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

9. fundur haldinn í fundarsal C ÍSÍ 18. 1. 2016 kl. 20:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður, Kristinn Arason varaformaður, Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir ritari, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnandi, Bergþóra Kristín formaður tækninefnar í hóp fimleikum, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri, Sæunn Viggósdóttir fjármálastjóri og Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri.

Forföll boðaði: Þóra Margrét Hjaltested

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

1. Tækninefnd í hóp fimleikum óskar eftir því að fá erlenda dómara á Íslandsmót

Á undanförnum árum hefur skapast sú hefð að fá tvo erlenda dómara til að dæma á Íslandsmóti fullorðinna í hóp fimleikum.

Erindið er samþykkt.

2. Erindi frá nefnd um fimleika fyrir alla um fararstjóra á EG og GA

Nefnd um fimleika fyrir alla leggur til fararstjóra á Eurogym og Golden Age

Stjórn FSÍ vill hafa þrjá fararstjóra á Golden Age þar sem að um svo marga þátttakendur er að ræða eða um 120 manns. Stjórn felur skrifstofu að vinna samkvæmt ferlum við val á fararstjórum.

Fararstjórar á Eurogym samþykktir.

3. Erindi frá FFA um Colloqium

Nefnd um fimleika fyrir alla óskar eftir því að fá að senda aðila á FIG Gymnastics for all Colloqium sem haldið verður í Dornbirn í Austurríki dagana 19.-22. Maí 2016.

Erindi er samþykkt.

4. Erindi frá Ármanni varðandi Irinu Sazonovu

Stjórn fimleikadeildar Ármanns spyr stjórn FSÍ um næstu skref varðandi undankeppni Ólympíuleikana

Framkvæmdastjóri fundar með formanni fimleikadeildar Ármanns og fer yfir næstu skref.

5. Erindi tækninefndar í hóp fimleikum um verkefni fyrir stráka í hóp fimleikum

Tækninefnd í hópfimleikum leggur til ÍS – verkefnið sem er ætlað að fjölga íslenskum strákum í hópfimleikum og halda þeim lengur í íþróttinni.

Jákvætt tekið í verkefnið og óskað eftir nánari útfærslu.

6. Erindi frá Fjölni og Ármanni

Fjölirnir og Ármann óskar eftir að fá að keppa með sameiginlegt lið í meistaraflokki í hópfimleikum á nústandandi keppnistímabili

Erindið var samþykkt í tölvupósti áður en fundur fór fram þar sem félagaskiptaglugginn lokaði þann 15. janúar.

Fundi slitið klukkan 22:37

10. fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 1. febrúar kl. 20:00